



© <http://www.menntagatt.is/>

Forskot til framtíðar

Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins
í rafrænni menntun 2001-2003

Ný sýn – nýjar leiðir

Upplýsingatækni býður upp á fjölbreytt tækifæri í skólastarfi. Hún opnar áður óþekktar leiðir til náms og kennslu, eflir tengsl skóla við umheiminn og veitir ný tækifæri í samskiptum. Tölvutækni og Netið hefur á stuttum tíma breytt menntun, atvinnuháttum og lífi fólks – og mun móta skólakerfið enn frekar í framtíðinni.

Framtíðarsýn menntamálaráðuneytisins felst í því að nýta kosti Netsins sem upplýsingaveitu fyrir skólastarf. Þar verði námsefni miðlað markvisst og samskiptum komið á milli nemenda, kennara, skólástjórnenda, foreldra, atvinnurekenda og allra sem tengjast menntun. Í þessari sýn felst að hefðbundnir kennsluhættir þróast yfir í það sem kalla má dreifmenntun og nemendur stundi þá nám í dreifskólum.

Í framhaldi af stefnu menntamálaráðuneytisins um upplýsingatækni hefur verið unnið að því að treysta forsendur fyrir notkun tækninnar í skólastarfi. Nú hefur vefurinn menntagatt.is verið opnaður, með upplýsingum um þau áhersluatriði í menntun og upplýsingatækni sem menntamálaráðuneytið mun vinna að á næstu tveimur árum. Í þeirri vinnu verður haft að leiðarljósi að Ísland verði áfram í fararbroddi við nýtingu nýrrar tækni í skólastarfi og veiti nemendum forskot í þekkingarþjóðfélagi framtíðarinnar.

Ávarp

Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001-2003 felur í sér að upplýsingatæknin er nýtt í þágu menntunar og menningar í þeim tilgangi að skapa íslensku þjóðinni forskot í hagkerfi framtíðarinnar. Kynnt er til sögunnar hugtakið dreifmenntun sem felur í sér gjörbreytta sýn á nám og kennslu.

Netið mun gegna lykilhlutverki og gera nemendum kleift að stunda nám í mörgum skólum í senn og móta námið eftir sínum þörfum. Dreifmenntun mun auka jafnrétti og aðgengi allra til náms og skapa áður óþekkt tækifæri til menntunar en íslenskir skólar hafa nú þegar sýnt að þeir eru þess megnugir að virkja nýja tækni í þágu menntunar. Ógerlegt er að segja hvert þekkingarleit mannsins á eftir að leiða hann í rafrænni veröld en þær leiðir sem hér er lýst miða að því að auðvelda þá leit.

Ég vil færa öllum sem unnu ómetanlegt starf við gerð þessarar verkefnaáætlunar innilegar þakkir.



Björn Bjarnason
menntamálaráðherra

I. Nám og kennsla

Kennaramenntun

- ▶ Áhersla verður lögð á breytta kennsluhætti í einstökum greinum með endurmenntunarnámskeiðum sem taka mið af þörfum mismunandi greina.

Dreifnám og fjarvinnsla

- ▶ Dreifnám verður eftt svo að nemendur geti stundað fjölbreytt nám óháð búsetu.
- ▶ Rannsóknir og þróunarstarf á sviði fjarkennslu verður eftt.
- ▶ Framboð á fullbúnu fjarnámi til háskólagráðu verður aukið.

Sérmenntun í upplýsingatækni

- ▶ Tengsl náms í upplýsingatækni við atvinnulíf verða aukin og áhersla lögð á fjölbreytni með nýju námsframboði í framhaldsskólum og háskólum.

Erlent samstarf

- ▶ Stuðlað verður að markvissri samvinnu við önnur lönd á sviði dreifmenntunar.
- ▶ Einstaklingar og skólar verða studdir til frekari þátttöku í erlendu samstarfi um nýtingu upplýsingatækni.

II. Námsefni

Stafrænt námsefni

- ▶ Hvatt verður til framleiðslu og aðlögunar á kennsluhugbúnaði fyrir Netið.
- ▶ Stafrænt efni hjá sófnum og öðrum menningarstofnunum verður lagað að þörfum menntakerfisins.
- ▶ Stutt verður við gerð leiðbeininga um notkun stafræns námsefnis í kennslu.

Gæðamat

- ▶ Í samvinnu við kennara verða gæði námsefnis metin.
- ▶ Upplýsingar verða veittar um hversu vel námsefni hentar miðað við markmið námskrár.
- ▶ Mótaðar verða leiðir til að upplýsa notendur um gæðamat.

III. Búnaður

Tengingar

- ▶ Framhaldsskólar, háskólar og símenntunarstofnanir verða tengdar saman með háhraðaneti.
- ▶ Þráðlaus net verða í framhaldsskólum og háskólum.
- ▶ Allar kennslustofur grunnskóla verða nettengdar.
- ▶ Reynsla af tilraunum í þróunarskólum með fartölvur og þráðlaus net verður nýtt til að finna raunhæfar og hagkvæmar leiðir í þessum efnum fyrir aðra framhaldsskóla.

Búnaður

- ▶ Stutt verður við notkun á fjölbreyttum búnaði í skólastarfi, svo sem fartölvum, rafbókum og símum.
- ▶ Gerðar verða tilraunir með breytingar á húsnæði skóla til þess að styðja við dreifmenntun og draga úr þörf á nýbyggingum.

IV. Menntagáttir

Menntagátt

- ▶ Gagnagrunnur með upplýsingum um námsefni.
- ▶ Miðlun og viðskipti með námsefni.
- ▶ Tenging milli námsefnis og markmiða í námskrá.

Námskrárgátt

- ▶ Gagnvirkur grunnur veitir aðgang að námskrám allra skólastiga (namskra.is).
- ▶ Hægt verður að fást við markmið, fá efni þeim tengd og leiðbeiningar á Netinu.

Bókasafnskerfi

- ▶ Öll bókasöfn í landinu tengjast í einu bókasafnskerfi.
- ▶ Aðgengi að bókakosti og fjölbreyttu stafrænu efni.

Lýsigagnaskráning

- ▶ Framleiðendum efnis verður gert kleift að skrá það samkvæmt stöðlum.
- ▶ Hentugt skráningarform með aðgengilegum leiðbeiningum verður gefið út.

Upplýsingaveitur

- ▶ Ítarlegar upplýsingar um skólastarf, nám og kennslu á öllum skólastigum verða aðgengilegar á Netinu.

@ <http://www.menntagatt.is/>

Menntamálaráðuneytið: Smárit 6
Mars 2001

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

© 2001 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-66-2



Menntamálaráðuneytið